

9.06.2024 (#2 2024-2025) kl. 16:00

Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mætt voru stjórnarmennirnir Valerie Maier, Jón Axelsson, Sveinn Símorsson, Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir og Ragnar Fjalar Sævarsson, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Margrét J. Magnúsdóttir, Katrín Pálsdóttir og Jón Orri Jónsson.

Pá var **Geir Ómarsson** framkvæmdastjóri fjarverandi.

Valerie Maier stýrir fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Upplýsingar um Guðlaug Eddu
3. Fjárhagstaða ÞRÍ (Sveinn, Valdimar?)
4. Finna Styrktaraðliðar - glærur
5. Fyrstu tvö mót sumarsins – timatöku búnaður (Jón Axels. ofl.)
6. Nefndarvinna (Margrét, Jón Órri, Katrín, Sveinn)
7. Unglinga- og barnþrípraut
8. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Tillaga um að varaformaður verði kjörin Margrét J. Magnúsdóttir, gjaldkeri var kjörin Sveinn Símonarson og Ragnar Fjalar Sævarsson kjörinn ritari.

Samþykkt

2. Upplýsingar um Guðlaug Eddu

Guðlaug Edda er að fara í æfingabúðir til Spánar og verður í mánuð. Fer svo til Hamborgar og svo í æfingabúðir með danska landsliðinu og fer svo með þeim til Parísar.

Kostar um 400.000 kr fyrir fyrstu æfingabúðirnar en fáum um 1.000.000 kr frá ÍSÍ.

Verið að vinna í búningamálum en það þarf að vera öðruvísi búningur á ólympíuleikunum en landsliðsbúningur. Þá þarf Guðlaug Edda nýjan blautbúning frá Zone 3.

Annars er allur annar kostnaður borgaður af ÍSÍ fyrir Sigga og Geir. Fáum vonandi miða fyrir Sigga, Geir og Valerie á þríprautarkeppnina sjálfa í París en það er umsókn í ferli.

3. Fjárhagstaða ÞRÍ (Sveinn, Valdimar?)

Sveinn tók fund með Geir og Valdimar eftir ársfund. Valdimar hefur haldið utan um allar greiðslur. Þetta hefur verið rekið með halla nánast nema í janúar og febrúar. Staðan er betri núna. Getum ekki klárað árið með þessu áframhaldi. Erum að fá mun minni greiðslu úr afrekssjóð ÍSÍ og erum ekki með fjármagn til að senda Guðlaugu Eddu á Evrópumót eða Heimsmeistaramót í haust.

Valdimar Leó er búinn að finna fjármagn sem kemur frá UMSK en um 750.000 kr beint til Guðlaugar Eddu frá UMSK.

4. Finna Styrktaraðliðar - glærur

Stjórnin fór í gegnum drög að glærukynningu sem ætlað er að styðja við beiðnir um styrki til fyrirtækja. Samþykkt var að senda glærurnar til alls stjórnarfólks sem hefði þá tækifæri til að koma með athugasemdir.

5. Fyrstu tvö mót sumarsins – tímátöku búnaður (Jón Axels. ofl.)

Kópavogsprautin gekk mjög vel. 120 keppendur. Þurftum að nota kerfið frá Tímátöku sem var 150% dýrara en í fyrra. Strax eftir keppnina var farið í að læra á tímátökukerfið sem Þríkó á. Búnaðurinn er í lagi.

Það er komin uppfærsla á hugbúnaðinn. Hugmyndin er sú að gera tvær æfingar í Nauthólsvík til að prófa uppfærsluna.

60 manns sem kepptu í Hafnarfjarðarprautinni. Gekk virkilega vel og skemmtileg keppni. Krakkaþrautin gekk líka mjög vel og sennilega var met þátttaka.

6. Nefndarvinna (Margrét, Jón Orri, Katrín, Sveinn)

Sveinn fer yfir stöðuna hjá afreksnefnd. Hún hittist í fyrsta skipti í síðustu viku og átti góðan fund. Í nefndinni eru Katrín Páls, Hjördís Ólafs, Sigurður Örn og Elísabet Einardóttir. Að auki voru mættir Geir Ómars og Ragnar Guðmundsson. Mjög góður fundur.

Margrét, Jón Orri og Katrín voru fjarverandi á fundinum og því var ekki farið yfir aðrar nefndir.

7. Unglinga- og barnaþrípraut

Mjög góðar fréttir frá Norðurlandi. Eftir kynningu frá Ragnari Guðmundssyni þá hafa fimm skólar á Akureyri hafa tekið ákvörðun um að bjóða upp á þrípraut sem valáfanga á skólaárinu 2025-2026.

9. júní 2024
Fundur #2

8. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá.

Fundi slitið kl. 18:00

Næsti stjórnarfundur

Lögð fram tillaga að næsta stjórnafund: 24. Júlí 2024 kl 10:00.

Samþykkt

Fundargerð yfirfarin og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum